

Ísfélag hf.
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 8. desember 2023
UST202309-285/R.S.
08.04

Efni: Bráðabirgðaheimild - Ísfélag hf.

Vísað er til erindis Ísfélags hf. til Umhverfisstofnunar, dags. 7. nóvember 2023, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir fiskimjölsverksmiðju um borð í Sólbergi ÓF-1, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sótt er um bráðabirgðaheimild til að hægt sé að halda áfram starfsemi á meðan starfsleyfi er í vinnslu.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matskyldu hennar.

Í ljósi framangreinds, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fellst Umhverfisstofnun á að veita Ísfélagi hf., kt. 660169-1219, bráðabirgðaheimild vegna lýsis- og fiskmjölsvinnslu um borð í Sólbergi ÓF-1.

Bráðabirgðaheimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Ísfélag hf. ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, þar á meðal má nefna ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlunin skal vera tiltæk starfsfólki á vinnustaðnum og aðgengileg eftirlitsaðila.
- Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að jafnvirði 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

- Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað.
- Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem að það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.
- Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum vegna starfseminnar og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.
- Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Í tilkynningu skal greina eftirlitsaðila frá hættu á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.
- Verði óhapp sem þarfnast tafarlausrar aðgerða skal hafa samband við viðbragðsaðila.
- Verði frávik skal rekstraraðili tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.
- Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- Koma skal í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá atvinnustarfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Eftirlitsaðila er heimilt að gera kröfu um hávaðamælingu og ákveða mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfseminni.
- Meðhöndlun úrgangs skal vera í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- Loft frá loftþurrkara og afsogsloft frá vinnsluferlum skal þvegið og kælt áður en það er losað út.
- Huga skal að aðgerðum til að draga úr lyktarmengun frá starfseminni þegar skipið liggur við bryggju.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit, skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að

fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun getur beitt úrræðum skv. XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar.

Umhverfisstofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 8. desember 2024. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnu við gerð bráðabirgðaheimildar, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,

Sigrún Ágústsdóttir
sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur